



Frístundakort - breytingar á reglum 2013

Íþróttá- og tómstundaráð samþykkti á fundi sínum 10. janúar nýjar reglur Frístundakortsins. Farið var yfir eldri reglur, skorið úr um vafaatriði sem upp hafa komið og farið yfir atriði sem ekki voru nægilega skýr í eldri reglum.

- Nám sem telst styrkhæft samkvæmt reglum LÍN er ekki styrkhæft skv. Frístundakortinu.
- Námskeið á vegum trúfélaga og annarra lífsskoðunarfélaga (skv. skráningu innanríkisráðuneytisins um félög sem fá greidd sóknargjöld) eru ekki styrkhæf
- Aðildarfélag getur verið vera skráð á einstakling sé það gert með þeim hætti í þjóðskrá.
- Eingöngu 17 og 18 ára börn geta notað kortið á líkamsræktarstöðvar (áður 16 ára)
- Námskeið þar sem börn undir 18 ára aldri sjá um þjálfun eru ekki styrkhæf. Fullgildum leiðbeinanda er þó heimilt að hafa yngri leiðbeinendur.
- Aðilum að Frístundakortinu ber að skrá alla þátttakendur á hverju tímabili í frístundakortskerfið, hvort sem þeir nýta styrkinn hjá viðkomandi aðila eða ekki.
- Velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í öllu starfi og í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða börn.